

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/160

2021/EES/66/01

frá 24. janúar 2019

Þar sem kveðið er á um tímabundna undanþágu frá þeim skilyrðum sem krafist er fyrir vottað fræ sem kveðið er á um í tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE

(tilkynnt með númeri C(2019) 305) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Óvenju hlýtt og þurrt loftslag í Svíþjóð á árinu 2018 hefur valdið skorti á jarðvegraka sem hefur skemmt og valdið álagi á gróður, sem hefur leitt til lakari framleiðslu og gæða fræs.
- 2) Auknir erfiðleikar í tengslum við framboð á fræi komu einnig til vegna vætu á uppskerutímabilinu í Svíþjóð á árinu 2017 sem olli skorti á fræi fyrir vorsáningu árið 2018.
- 3) Af þessum sökum hefur Svíþjóð nú eingöngu til umræða takmarkað magn fódurjurtafræs og fræs korntegunda fyrir vorsáningu frá síðasta tímabili og mun ekki ná að uppskera nægilegt magn fræs til að anna eftirspurninni vorið 2019.
- 4) Önnur aðildarríki, sem að hluta til standa einnig frammi fyrir erfiðleikum í tengslum við uppskeru, hafa eingöngu náð að uppfylla þörf Svíþjóðar fyrir fræ að takmörkuðu leyti.
- 5) Í ljósi þessara aðstæðna hafa tímabundnir erfiðleikar varðandi almenna afhendingu fódurjurtafræs og fræs korntegunda fyrir vorsáningu komið upp og gera má ráð fyrir áframhaldi þar á í Svíþjóð. Ekki er hægt að yfirstíga þessa erfiðleika án þess að heimila, í tiltekinn tíma og með fyrirvara um viðeigandi hámarks magn, setningu á markað í Sambandinu á vottuðu fódurjurtafræi og fræi korntegunda fyrir vorsáningu sem er framleitt í Svíþjóð úr flokknum „vottað fræ af öðrum ættlið“.
- 6) Því ætti undanþágan sem kveðið er á um í þessari ákvörðun að heimila setningu vottaðs fódurjurtafræs og fræs korntegunda fyrir vorsáningu, sem framleitt er í Svíþjóð, á markað í Sambandinu úr flokknum „vottað fræ af öðrum ættlið“ að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og takmörkunum.
- 7) Samkvæmt upplýsingunum sem Svíþjóð lét framkvæmdastjórninni í té virðist í heildina þörf á 2525 tonnum fódurjurtafræs og 18240 tonnum fræs korntegunda fyrir vorsáningu til að leysa þessa erfiðleika varðandi framboð á tímabili sem rennur út 30. júní 2019.
- 8) Undanþágan ætti ekki að hafa áhrif á beitingu annarra skilyrða að því er varðar flokkinn „vottað fræ af öðrum ættlið“ eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 66/401/EBE og 66/402/EBE.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtt. ESB L 31, 1.2.2019, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtt. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtt. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Setning vottaðs fódurjurtafræs og fræs korntegunda fyrir vorsáningu, sem framleitt er í Svíþjóð, á markað í Sambandinu úr flokknum „vottað fræ af öðrum ættlið“ skal leyfð á tímabili sem rennur út 30. júní 2019 og að uppfylltum þeim skilyrðum sem um getur í 2. til 5. mgr.
2. Heildarmagn fræs sem heimilt er að setja á markað í Sambandinu samkvæmt þessari ákvörðun skal ekki fara yfir 2525 tonn fyrir fódurjurtafræ og 18240 fyrir fræ korntegunda fyrir vorsáningu.
3. Fræið sem um getur í 1. mgr. skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE að því er varðar skilyrðin sem fræ úr flokknum „vottað fræ af öðrum ættlið“ þurfa að uppfylla.
4. Opinberi merkimiðinn skal innihalda yfirlýsingu um að fræið sem um ræðir sé í lægri flokki en flokknum „vottað fræ af öðrum ættlið“, með fyrirvara um þær merkingar sem krafist er í tilskipunum 66/401/EBE og 66/402/EBE.
5. Heimild til setningar fræs, sem um getur í 1. mgr., á markað skal veitt að fenginni umsókn um leyfi fyrir setningu á markað samkvæmt þessari ákvörðun.

2. gr.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn sem þau hafa veitt leyfi fyrir setningu á markað samkvæmt þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.
